

Ligretto Junior

Spilaleiðbeiningar

Ligretto Junior er hraður spilaleikur og frábær skemmtun fyrir alla orkumikla krakka í leit af spennu.

Aldur / Fjöldi leikmanna:

Fyrir 2 til 5 leikmenn. Aldur leikmanna: 6 ára og eldri.

Innihald:

Leikreglur. 5 stokkar með 30 spilum (þ.e. 150 spil).
Hver stokkur er með sitt merki og lit:

- Fiskur - grænn
- Ljón – gulur
- Björn – rauður
- Hundur - blár
- Mús – fjólublár



Markmið leiksins:

Markmiðið er að losna við öll spilín úr Ligretto **bunkanum** sínum á undan andstæðingunum, með því að vera sneggri að spila út samlitum spilum í réttri talnaröð (frá 1 upp í 10) í stafla á mitt borðið.

Hraði er grundvallaratriði í spílinu. Það verður að bregðast skjótt við.

Allir krakkar spila á *sama tíma*. Enginn þarf að bíða, svo enginn verður ópolinmóður.

Undirbúningur:


Flokkaðu Ligretto spílin í 5 stokka eftir merkjunum aftan á spilunum (fiskur, ljón, björn, hundur og mús). Hver krakki fær sinn stokk með 30 spilum (með sama merkinu). Taktu eftir merkinu á stokkinum því þú spilar með þessum stokk út allt spílið. Stokkaðu nú stokkinn! Leggðu spílin út á eftirfarandi hátt (sjá einnig mynd):

Ligretto bunki: Spilaðu út 10 spilum á grúfu í bunka fyrir framan þig og snúðu síðan bunkanum við þannig að tölurnar snúa upp og efsta talan sést.

Röð: Leggðu út 3 spil til hægri við Ligretto bunkann með tölurnar upp. Ef það eru bara tveir krakkar að spila eru fimm spil lögð út í röðina. Ef þrír krakkar eru að spila er spílað með fjórum spilum í röðinni.

Stokkur: Haltu á afganginum af spilunum sem stokk í hendinni þannig að merkið snúi upp.

Nú er hægt að byrja að spila!



Gangur leiksins:

Ligretto er í raun mjög einfalt spil með nokkrum einföldum reglum. Um leið og krakkar hafa lært þær geta þeir unnið í því sem skiptir mestu máli... að vera nógu snöggir!

Einn krakki kallar „Ligretto!“ til að hefja umferðina. Sá sem er með töluna 1 leggur hana í miðjuna á borðinu. Allir krakkar spila út spilum samtímis eins hratt og þeir geta í stafla á mitt borðið.

Krakki byrjar þá að spila út spilum úr Ligretto **bunkanum** sínum, **röðinni** sinni eða **stokkinum**. Ef krakki hefur ekki töluna 1 í **bunka** eða **röð** (og engin önnur lögleg spil til að spila) er hægt að athuga hvort hana sé að finna í **stokkinum**. Þá tekur krakki þrjú spil efst úr stokkinum og snýr þeim við á borðið þannig að einungis sjáist í efsta spilið. Ef ekki er hægt að nota spilið úr stokkinum sem snýr upp verður að halda áfram að snúa við þremur spilum úr stokkinum þar til að talan 1 (eða annað löglegt spil) er í boði. Þegar krakki er búinn að spila út öllum spilum úr **stokkinum** sínum þá snýr hann honum við og byrjar aftur að gefa af toppinum, 3 spil í senn.

Um leið og talan 1 kemur upp skal setja hana í miðjuna á borðinu og stafli verður til. Síðan er spilað ofan á hann spilum í rétttri númeraröð og réttum lit þar til staflinn er með 10 spil í sama lit. Þegar búið er að setja 10 spil í stafla má ekki spila fleiri spilum á þann stafla.

Þegar staflar eru komnir á mitt borðið mega ALLIR krakkar spila út öllum löglegum spilum, á hvaða stafla sem er (óháð því hver byrjaði stafinn), svo lengi sem það er spil með næstu tölu í röðinni og er af sama lit og spilin í þeim stafla.

Þegar krakki spilar spili úr **röð**, skal hann fylla strax í eyðuna með efsta spilinu úr Ligretto **bunkanum**. Á sama tíma, getur hann flett spilum úr **stokkinum**, þremur í einu á borðið (þannig að efsta spilið sjáist bara). Þegar upp kemur löglegt spil má láta það í stafla á mitt borðið.

Ef enginn krakki getur spilað út neinu spili úr **stokk**, **röð** eða Ligretto **bunka** er leikur stöðvaður. Allir stokka stokkinn sinn í flýti, kalla: „Ligretto!“ og halda áfram með umferðina.

Athugið: Í leiknum skal nota eina hendi til að halda stokkinum en hina til að spila út Ligretto spilunum.

Að vinna umferð:

Þegar einhver krakki er ekki með neinu spil eftir í Ligretto **bunkanum** sínum kallar hann: „Ligretto stopp!“. Þá má enginn setja fleiri spil í stafla og umferðin endar.

Stigagjöfin:

Um leið og umferð er lokið eru allar **raðir** og allir **stokkar** settir til hliðar en Ligretto **bunkarnir** eiga að vera eftir á borðinu. Öll spilin í stöflunum sem voru komnir á borðið eru síðan flokkuð í stokka (samkvæmt merkjunum á bakhlið). Krakkar fá **eitt stig** fyrir hvert spil sem þeir náðu að spila út í umferðinni, óháð tölunni á hverju spili.

Síðan eru dregin frá **2 stig** fyrir hvert spil sem er eftir í Ligretto **bunkanum**. Spilin í röðinni og stokkinum eru ekki talin með.

Heildarstiginn fyrir þessa umferð eru skráð niður. Allir stokka spilastokkana sína (30 spil hver) og leggja spilin út eins og þeir gerðu í upphafi. Síðan hefst ný umferð. Sá sem er fyrstur til að ná **77 stigum** vinnur. Ef að fleiri en einn krakki ná 77 stigum (eða meira) í sömu umferð, vinnur sá sem er með hærri stigatölu.



Ef það gerist að öll lögleg spil eru falin í Ligretto **bunkanum** hjá ÖLLUM krökkum er leikurinn stöðvaður og umferð líkur. Teljið stigin og sá krakki sem er með flest stig vinnur umferðina.

Hljómar þetta flókið? Þetta er í raun mjög einfalt spil! Mikilvægast af öllu er að vera SNEGGRI en hinir krakkarnir! Hafið það skemmtilegt með Ligretto Junior... og megi besti krakkinn vinna!

N.B. Spilið heiðarlega. Bannað að svindla!

Ligretto fyrir fullorðna:

Ligretto er einnig til fyrir fullorðna. Allt að 4 leikmenn geta spilað í einu. Hinsvegar er ekkert mál að spila Ligretto með fleiri en 4 félögum. Ligretto er fánlegt í bláum, grænum og rauðum kössum, en við hvern kassa geta 4 til viðbótar spilað. (3 kassar = 12 leikmenn).

Góða skemmtun!

Nordic Games, www.nordicgames.is

Nóvember 2010

Uppfært desember 2010